



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

JÖFNUNARSJÓÐUR

**Skýrsla um jöfnunarsjóð alþjónustu
fyrir árin 2006 og 2007**

Október 2008

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	3
1.1. Almenn	3
1.2. Alþjónusta	3
1.3. Um jöfnunarsjóð	4
1.4. Markaðshagur og fl.	4
2. Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði á árunum 2006 og 2007	6
3. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki	7
3.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2006.....	7
3.2. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2007.....	8
3.3. Staða jöfnunarsjóðs	9
4. Áfallnar skuldbindingar á jöfnunarsjóð í árslok 2007	10
5. Lokaorð.....	10

1. Inngangur

1.1. Almenn

Samkvæmt 6. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 skal Póst- og fjarskiptastofnun birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja í jöfnunarsjóð og greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft. Póst- og fjarskiptastofnun birtir nú í annað sinn yfirlitsskýrslu um framlög fjarskiptafyrirtækja í jöfnunarsjóð ásamt yfirliti yfir þær skuldbindingar sem fallið hafa á jöfnunarsjóð. Fyrri skýrsla¹ stofnunarinnar um jöfnunarsjóð var birt þann 18. apríl 2007 og tók til árána 2000-2005.

Jöfnunarsjóður er einungis í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar og er ekki hluti af fjárhag stofnunarinnar og því getur greiðsla úr sjóðnum ekki verið meiri en sem nemur inneign sjóðsins á hverjum tíma sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, og 1. mgr. 11. gr. reglugerðar um alþjónustu. Ef greiða þarf fleiri en einum umsækjanda úr sjóðnum á sama tíma, og inneign er ekki næg til að greiða þeim öllum að fullu, getur komið til frestunar á greiðslum að öllu leyti eða að hluta, þangað til fjármagn berst í sjóðinn að nýju.

1.2. Alþjónusta

Við afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu þann 1. janúar 1998, varð til nýtt hugtak í fjarskiptarétti svokölluð alþjónusta. Með alþjónustu er leitast við að jafna aðgang landsmanna að tiltekinni lágmarks fjarskiptaþjónustu óháð búsetu. Núgildandi reglur um alþjónustu eru í VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að útnefna aðila einn eða fleiri til þess að bjóða alþjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Eftirfarandi þjónusta er nú skilgreind sem alþjónusta, sbr. 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar um alþjónustu:

- Almenn talsímaþjónusta
- Handvirk þjónusta (aðstoð talsímavarðar)
- Þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir
- Gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða
- Aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónusta um öll símanúmer
- Almennings símar
- Aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala

Þau fyrirtæki sem í dag hvílir á skylda til að veita alþjónustu samkvæmt fjarskiptalögum eru Neyðarlínan hf. (hér eftir Neyðarlínan), sbr. rekstrarleyfi, dags. 1. október 2001, sem rekur talsímaþjónustu á sviði neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala. Með

¹ http://pfs.is/default.asp?cat_id=112&module_id=220&element_id=1363

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2007² um útnefningu fjarskiptafyrirtækja með skyldu til að veita alþjónustu var öðrum alþjónustuskyldum skipt upp á milli Mílu ehf. sem hefur skyldu til að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu, Símans hf., sem hefur skyldu til að veita talsímaþjónustu, gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu og reka almenningssíma um land allt og Já upplýsingaveitna ehf., sem hefur skyldu til að gefa út símaskrá og reka upplýsingaþjónustu um símanúmer í númerinu 118. Þá er einnig kveðið á um að Síminn og Já upplýsingaveitur skuli verða við öllum sanngjörnum kröfum hagsmunasamtaka öryrkja sem leitast við að jafna aðgang félagsmanna þeirra að þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu. Allar þessar útnefningar kveða á um skyldu þessara fyrirtækja til að veita þjónustu um allt land.

1.3. Um jöfnunarsjóð

Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar alþjónustuskyldur getur sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að þeim verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir ef talið er að starfsemin sé rekin með tapi eða sé óarðbær.

Til að standa straum af endurgjaldi til fjarskiptafyrirtækja sem á hafa verið lagðar skyldur til að veita alþjónustu er innheimt jöfnunargjald. Við ákvörðun á jöfnunargjaldi er ákveðin álagningarprósenta lögð á bókfærða veltu fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu.

Með lögum nr. 143/2007 var álagningarprósenta hækkuð úr 0,12% í 0,65% vegna skuldbindinga sem fallið höfðu á sjóðinn vegna þeirrar alþjónustuskyldu sem hvíldu á Símanum á árinu 2005. Sjá nánar úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frá 10. október 2007, mál nr. 1/2007. Þessi álagning kemur til framkvæmda á árinu 2009 vegna rekstrarársins 2008.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega, sjá nánar 22. gr. fjarskiptalaga.

1.4. Markaðshagur og fl.

Með lögum nr. 78/2005 var 21. gr. fjarskiptalaganna breytt á þann veg að ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og því ósanngjörn byrði á fyrirtækinu geti það sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Póst- og fjarskiptastofnun skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Í 11. gr. reglugerðar nr. 1356/2007 um alþjónustu eru settar nánari leiðbeiningar varðandi útreikning á kostnaði við alþjónustu.

Í 1. mgr. er fjallað um rétt alþjónustuveitanda til að sækja um fjárframlög ef það tap sem er á þjónustunni er ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Þá er í 2. mgr. er kveðið á um fyrir hvaða tíma þarf að vera búíð að sækja um fjárframlög og í 3. mgr. er kveðið á um hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn um fjárframlag úr Jöfnunarsjóði.

2

http://pfs.is/upload/files/%C3%81kv%C3%B6r%C3%B0un%20nr25_2007_%C3%9Atnefning%20al%C3%BEj%C3%B3nustuveit.pdf

- greinargóð lýsing á þeirri starfsemi sem sótt er um framlag fyrir.
- nákvæmar upplýsingar um hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.
- greinargerð um á hvern hátt rekstrartapið er ósanngjörn byrði á fjarskiptafyrirtækinu.
- upplýsingar um hvernig bókhaldslegum aðskilnaði er háttað hjá fyrirtækinu, sbr. 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga.

Með 3. gr. laga nr. 39/2007, var bætt við nýjum málslíð við 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga, hið nýja ákvæði hljóðar svo: *“Ef slíkur aðskilnaður er ekki fyrir hendi skal Póst- og fjarskiptastofnun hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag.”* Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun sé gert skylt að hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag ef sá þáttur starfseminnar sem háður er fjárframlögum skv. 21. gr. laganna er ekki bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fjarskiptafyrirtækisins. Ljóst er að tilvitnuð breyting á fjarskiptalögum mun hafa áhrif á hvernig umsóknir um framlag úr sjóðnum verða meðhöndlaðar í framtíðinni.

Í 5. mgr. reglugerðar um alþjónustu er fjallað um meðferð umsóknar hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Stofnuninni ber í upphafi að meta hvort viðkomandi þjónusta sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð né tryggð með öðrum hagkvæmari hætti. Þá er einnig gert ráð fyrir að lagt sé mat á það hvort alþjónustuskyldan og þar með tap alþjónustuveitandans sé ósanngjörn byrði á umsækjanda. Gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun kveði upp sjálfstæða ákvörðun þar sem einungis verður tekist á um ofangreind atriði.

Ef niðurstaðan hér að ofan verður á þá leið að tap alþjónustuveitanda sé ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Hefst annað stig í meðferð umsóknarinnar þar sem reikna þarf nettókostnað umsækjanda að teknu tilliti til markaðsávinninga fyrirtækisins. Í reglugerðinni er nefnt í dæmaskyni nokkrir af þeim þáttum sem taka á tillit til s.s. æviferilsáhrif, alnánd, ímynd og vörumerki.

Eins og fram kemur í inngangsorðum þessarar skýrslu skal Póst- og fjarskiptastofnun birta greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft. Póst- og fjarskiptastofnun telur eðlilegt að greinargerð um markaðsávinning alþjónustuveitandi verði aðeins tekin saman í tengslum við umsókn alþjónustuveitanda um fjárframlög úr jöfnunarsjóði vegna taps á þjónustu sem fellur undir alþjónustu. Helgast þetta af þeirri staðreynd að nán tengsl eru á milli umsóknar alþjónustuveitanda um framlag úr jöfnunarsjóði og útreikninga á markaðsávinningi. Þá er líklegt að mörg álitaefni muni verða upp um hvernig reikna eigi markaðshag alþjónustuveitanda sem eðlilegt er að leyst verði úr í tengslum við meðferð umsóknar um framlög úr sjóðnum.

2. Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði á árunum 2006 og 2007

Á því tímabili sem um ræðir hefur Póst- og fjarskiptastofnun samþykkt tvær umsóknir úr Jöfnunarsjóði alþjónustu frá Neyðarlínunni alls kr. 25.440.000 fyrir árið 2006 og kr. 29.688.000 fyrir árið 2007. Auk þess lauk málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála vegna umsóknar Símans um framlag úr jöfnunarsjóði sem tók til ársins 2005. Þann 7. desember 2006 tók Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun um framlag úr Jöfnunarsjóði alls kr. 18.880.079 til handa Símanum vegna þeirrar kvaðar sem hvíldi á fyrirtækinu um að veita gagnaflutningsþjónustu með 128 K/bs flutningsgetu um land allt. Vegna kvaðarinnar hafði fyrirtækið m.a. fjölgað símsstöðvum víðsvegar um landið og breytt línukerfinu til að gera þessa þjónustu mögulega. Tekjur af þjónustunni reyndust hins vegar óverulegar miðað við þann kostnað sem fyrirtækið þurfti að leggja út í til að gera þennan aðgang að gagnaflutningsþjónustu mögulegan. Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar tók yfir rekstrarárið 2005.

Ákvörðunin var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Nefndin kvað upp þann úrskurð þann 10. október 2007, þess efnis að Síminn ætti rétt á kr. 163.233.277 framlagi úr jöfnunarsjóði vegna gagnaflutningsþjónustu með 128 K/bs flutningshraða sem fyrirtækið var skyldugt til að veita um land allt. Sjá nánar úrskurð nefndarinnar nr. 1/2007.

3. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki

Neðangreindar upplýsingar eru unnar úr gögnum frá Fjársýslu ríkisins og sýna álagningu, breytingar, afskriftir, innheimtu og eftirstöðvar fyrir árin 2006 og 2007.

3.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2006

Tafla 1

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2005	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2006	
680795-2079	365 - ljósvakamiðlar ehf		3.588			2.440	1.148	
600898-2059	365 hf		8.646.420			5.722.585	2.923.835	
650297-2029	Anza hf		97.257			97.257		
610103-2940	Atlassími ehf	16.561	60.712			77.273		
690197-3169	Ábótinn ehf		5.040	9.316		14.356		
620399-2219	DVD-Margmiðlun ehf		11.640			11.640		
590701-2970	eMax ehf	21.464	79.161			72.215	28.410	
470200-2780	Equant á Íslandi ehf		36.189			30.399	5.790	
580902-2190	Farice hf		500.726			500.726		
670503-2670	Firstmile á Íslandi ehf	4.716				4.716		
561000-3520	Fjarski ehf	111.192				111.192		
610504-3020	Flugfjarskipti ehf	148.313	10.616			158.929		
590900-2730	Gagnanet ehf	4.440					4.440	
551100-3240	Hátíðni hf	14.400	14.400	(10.693)		5.034	13.073	
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	25.059	120.000			59.180	85.879	
620600-3690	IMC Ísland ehf		60.306			36.896	23.410	
660595-2449	Internet á Íslandi hf			(95.255)		(95.255)		
681201-2890	IP-fjarskipti ehf		219.859			109.930	109.929	
501100-2850	Íslandsmiðill ehf		7.759			3.880	3.879	
650594-2909	Kapalvæðing ehf	19.217				19.217		
670199-2319	Ljóshraði ehf		3.600				3.600	
501203-3350	Magus ehf		3.360				3.360	
560294-2989	MarStar International ehf	240.000	240.000	(237.382)			242.618	
420493-2589	MetNet ehf		1.939			3	1.936	
450701-2620	Netsamskipti ehf		29.040			29.040		
511095-2559	Neyðarlínan hf		36.846			36.846		
660202-3740	Núll-níu ehf		2.854			2.854		
530292-2079	Nýherji hf	296.043	300.000			596.043		
551298-3029	Orkuveita Reykjavíkur	454.147	309.948			714.503	49.592	
480868-0219	Radíómiðun - Ísmar ehf	195.738	88.320	(314.625)		(30.567)		
420703-2360	Radíóvík ehf	3.688	8.280			3.688	8.280	
431100-2070	Rafbylgja ehf		19.200			12.215	6.985	
540269-5729	Ríkisútvarpið		4.170			4.170		
500269-6779	Síminn hf	6.990.925	19.404.496	(6.129.284)		20.266.137		
430700-2860	Skrín ehf	91.408	19.458	(149.709)		(41.956)	3.113	
601200-2520	Skyggjir hf upplýsingaþjónusta		33.837			33.837		
590269-7199	Skýr hf	1.239.765	79.577	(2.408.888)		(1.089.546)		
660702-2880	Tengir hf		37.307	35.922		73.229		
511099-2269	Tetraísland ehf Fjarskiptafélag		178.710			178.710		
550402-3510	Toppnet ehf	3.555	8.880			12.435		
571201-2670	TSC ehf	1.620	3.174	5.815		10.609		
700895-2549	Tölvu- og rafeindaþj Suðurl ehf		6.240			6.240		
690393-2989	Tölvun ehf, verkfræði-/tölvuþjón	600	19.609			4.238	15.971	
460598-2149	Tölvusmiðjan ehf	7.191	8.795	(6.904)		9.082		
621191-1449	Tölvuþjónustan - SecurStore ehf	9.311	21.390			22.051	8.650	
411199-2749	Bekking - Tristan hf	229.987	48.986	(413.698)		(134.725)		
		10.129.340	30.791.689	(9.715.385)		0	27.661.746	3.543.898

3.2. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2007

Tafla 2

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2006	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2007
680795-2079	365 - ljósvakamiðlar ehf	1.148				1.148	
600898-2059	365 hf	2.923.835				2.923.835	
650297-2029	Anza hf		84.941	(1.669.276)		(1.597.926)	13.591
610103-2940	Atlassími ehf		69.600			41.522	28.078
690197-3169	Ábótinn ehf						
540906-1730	Corice ehf		20.892			60	20.832
620399-2219	DVD-Margmiðlun ehf		12.600			12.600	
590701-2970	eMax ehf	28.410	123.674			117.162	34.922
470200-2780	Equant á Íslandi ehf	5.790	93.263			99.053	
580902-2190	Farice hf		573.675			573.675	
670503-2670	Firstmile á Íslandi ehf						
561000-3520	Fjarski ehf		215.926			215.926	
570899-2289	Fjölnet hf		16.655			16.655	
610504-3020	Flugfjarskipti ehf		12.000			12.000	
590900-2730	Gagnanet ehf	4.440					4.440
691206-3780	Gagnaveita Reykjavíkur ehf		466.800	(466.800)			
690506-1140	Gagnaveita Skagafjarðar ehf		5.384			5.384	
551100-3240	Hátíðni hf	13.073					13.073
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	85.879	12.000	(120.000)		(34.070)	11.949
620600-3690	IMC Ísland ehf	23.410	66.205	(60.306)		29.309	
660595-2449	Internet á Íslandi hf		1.746			1.746	
681201-2890	IP-fjarskipti ehf	109.929				109.929	
501100-2850	Íslandsmiðill ehf	3.879				3.879	
420703-2360	Kapalkerfi ehf	8.280		(11.968)		(3.688)	
650594-2909	Kapalvæðing ehf						
670199-2319	Ljóshraði ehf	3.600				89	3.511
501203-3350	Magus ehf	3.360					3.360
560294-2989	MarStar International ehf	242.618				2.618	240.000
420493-2589	MetNet ehf	1.936	12.600	(1.939)		521	12.076
451101-2930	Nepal hugbúnaður ehf		3.000			3.000	
450701-2620	Netsamskipti ehf		6.240			6.240	
511095-2559	Neyðarlínan ohf		36.000			30.240	5.760
531205-0810	Nova ehf		12.000			6.000	6.000
660202-3740	Núll-níu ehf						
530292-2079	Nýherji hf						
551298-3029	Orkuveita Reykjavíkur	49.592	12.000			61.592	
640306-2380	Ódýra símafélagið ehf		80.818			80.818	
681071-0759	R.Sigmundsson ehf		102.000			51.000	51.000
480868-0219	Radíómiðun - Ísmar ehf						
431100-2070	Rafbylgja ehf	6.985		(19.200)		(12.215)	
540269-5729	Ríkisútvarpið		11.795			2.835	8.960
530198-3169	Saedora ehf		48			48	
680604-4280	Sími og net fjarskipti ehf		12.600				12.600
500269-6779	Símenn hf		21.432.996	(8.434.674)		12.998.322	
430700-2860	Skrín ehf	3.113				3.113	
601200-2520	Skyggirnir hf upplýsingaþjónusta		39.000			39.000	
590269-7199	Skýrr hf		236.888			236.888	
480905-2100	Spakur ehf		38.520				38.520
660702-2880	Tengir hf		54.940			54.940	
511099-2269	Tetraísland ehf Fjarskiptafélag		240.000			180.761	59.239
550402-3510	Toppnet ehf						
571201-2670	TSC ehf						
700895-2549	Tölvu- og rafeindaþj. Suðurl ehf						
690393-2989	Tölvun ehf, verkfræði-/tölvuþjón	15.971				15.971	
460598-2149	Tölvusmiðjan ehf		9.005			9.005	
621191-1449	Tölvuþjónustan - SecurStore ehf	8.650		(21.390)		(12.740)	
700387-1949	Wireless Broadband Systems ehf		12.000				12.000
411199-2749	Bekking - Tristan hf		52.145			52.145	
		3.543.898	24.179.956	(10.805.553)	0	16.338.390	579.911

3.3. Staða jöfnunarsjóðs

Í töflu 3 er yfirlit yfir álagningu, breytingu, afskriftir, innheimtu og stöðu hvers árs:

Tafla 3

Ár	Est. í ársb.	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. í árslok
Árið 2000		13.931.078			9.818.302	4.112.776
Árið 2001	4.112.776	14.860.992			6.596.238	12.377.530
Árið 2002	12.377.530	52.479.301	(5.489.029)	66	40.900.639	18.467.097
Árið 2003	18.467.097	51.436.749	(54.338.594)	138.000	9.211.753	6.215.499
Árið 2004	6.215.499	32.123.869	(12.465.059)	690	25.330.489	543.130
Árið 2005	543.130	30.906.483	(2.282.680)		19.037.593	10.129.340
Árið 2006	10.129.340	30.791.689	(9.715.385)		27.661.746	3.543.898
Árið 2007	3.543.898	24.179.956	(10.805.553)		16.338.390	579.911
		250.710.117	(95.096.300)	138.756	154.895.150	

Í töflu 4 er yfirlit yfir tekjufærslur:

Tafla 4

Ár	Tekjufært	Gjaldf. afskr.	Framlag	Til ráðst.
Árið 2000.....	13.931.078		10.000.000	23.931.078
Árið 2001.....	14.860.992			14.860.992
Árið 2002.....	25.934.843	(66)		25.934.777
Árið 2003.....	18.015.584			18.015.584
Árið 2004.....	19.658.810	(690)		19.658.120
Árið 2005.....	28.623.803			28.623.803
Árið 2006.....	21.076.304			21.076.304
Árið 2007.....	13.374.403			13.374.403
	155.475.817	(756)	10.000.000	165.475.061

Samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið eftirfarandi síðustu 8 árin samkvæmt gögnum Póst- og fjarskiptastofnunar:

Tafla 5

Ár	Framlög
Árið 2000.....	18.618.302
Árið 2001.....	20.496.000
Árið 2002.....	20.496.000
Árið 2003.....	23.889.600
Árið 2004.....	26.735.628
Árið 2005.....	25.440.000
Árið 2006.....	25.440.000
Árið 2007.....	192.921.277 *
	354.036.807

*Eins og áður er komið fram þá komst Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála að þeirri niðurstöðu að Síminn ætti rétt á framlagi úr Jöfnunarsjóði alþjónustu að upphæð kr. 163.233.277 vegna alþjónustu á árinu 2005. Þessi upphæð kemur ekki til útborgunar úr Jöfnunarsjóði fyrr en á árinu 2009, í samræmi við úrskurðarorð, sbr. 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 143/2007.

Staða jöfnunarsjóðs í árslok 2007 er því eftirfarandi:

Tafla 6

Staða í árslok 2007	
Tekjufærslur samtals 2000-2007.....	165.475.061
Gjaldfærslur samtals 2000-2007.....	(354.036.807)
Gjaldfærslur umfram tekjufærslur.....	<u>(188.561.746)</u>
Inneign í jöfnunarsjóði.....	7.973.721
Ógreitt til Póst- og fjarskiptastofnunar.....	(6.894.872)
Ógreitt til Neyðarlínunnar.....	(26.407.318)
Ógreitt til Símans.....	<u>(163.233.277)</u>
Staða í árslok 2007.....	<u>(188.561.746)</u>

Samkvæmt töflu 5 kemur fram að samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið 354.036.807 kr. en álagt jöfnunargjald sjóðsins að viðbættu 10.000.000 kr. framlagi ríkisins hefur á sama tímabili numið 165.475.061 kr. Samþykkt framlög umfram tekjur eru því 188.561.746 kr. á þessu 8 ára tímabili sem liðið er frá því að gjaldið var tekið upp.

4. Áfallnar skuldbindingar á jöfnunarsjóð í árslok 2007

Samkvæmt ákvörðun³ Póst- og fjarskiptastofnunar frá 27. nóvember 2007 samþykkti stofnunin framlag til Neyðarlínunnar að fjárhæð 30.100.000 kr. vegna rekstrarársins 2008.

5. Lokaorð

Þess ber að geta, að Og fjarskipti hafa borið ákvörðun úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 1/2007, um framlag til handa Símanum vegna gagnaflutningsþjónustu með 128 K/bs flutningsgetu, undir héraðsdóm. Þá hefur Síminn skotið til dómstóla úrskurð nefndarinnar nr. 9/2007, sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 23/2007, um framlag til handa Neyðarlínunni vegna talsímaþjónustu á sviði neyðarþjónustu og svörun neyðarsímatala, vegna ársins 2008.

Er því uppgjör Póst- og fjarskiptastofnunar vegna Jöfnunarsjóðs vegna árána 2006-2007 sett fram með fyrirvara um lyktir þessara mála fyrir dómstólum.

³ http://pfs.is/default.asp?cat_id=112&module_id=220&element_id=1725